

# Frímerkjasýning „Reykjavík 86“

Félag frímerkjasafnara heldur frímerkjasýninguna „Reykjavík 86“ dagana 9.-12. október í húskynnum Landssambands íslenskra frímerkjasafnara að Síðumúla 17 í Reykjavík á 2. hæð í vesturenda.

Á sýningunni verður reynt að hafa sem mesta fjölbreytni í söfnum. Verða meðal annars sýnd tegundasöfn sem sýna fugla, dýr, skip, bíla o.s.frv. Þá verður lítil samkeppnisdeild og þar sýnd flug-

safn, spjaldbréfasafn og áttugasafn úr Hafnarfirði. Loks verða sýnd póstkort með myndum frá Reykjavík á ýmsum tímum.

Aðgangur að sýningunni er ókeypis en sýningargestum gefst kostur á að kaupa póstkort með myndum af ýmsum pósttemplum frá Reykjavík. Er upplagið tölusett og takmarkað. Gilda kortin sem happdrættismiði. Er vinningurinn frímerkjasafn sem sýnt verður í ramma nr. 1 á sýningunni og heitir Reykjavík 200 ára.

Sunnudaginn 12. október verður skiptimarkaður í félagsheimili Félags frímerkjasafnara í Síðumúla 17 og verður hann haldinn kl. 13-16. Eru allir velkomnir á markaðinn, jafnt félagsbundnir sem ófélagsbundnir frímerkjasafnarar.

Sýningin er opin til kl. 21.00 í kvöld, kl. 13-20 á morgun, laugardag, og á sunnudaginn verður hún opin frá kl. 13-19.



## Íslensk grafík '86

Um síðustu helgi var opnuð á Kjarvalsstöðum sýningin Íslensk grafík '86. Félagið Íslensk grafík er nú 17 ára. Er þetta 7. félagssýningin og sú fyrsta sem haldin er á Kjarvalsstöðum. Á þeim þrem árum sem liðin eru frá síðustu sýningu hafa margir nýir félagar bæst í hópinn og eru félagar nú 41 en af þeim búa 34 í Reykjavík og nágrenni en 3 erlendis.

Þrjátíu meðlimir taka þátt í sýningu þessari og er það tímanna tákni hve litanotkun hefur aukist á undanförunum árum og borið nýjan ferskleika inn í grafíklistina.

## Fyrstu tónleikar Kammermúsíklúbbsins

Sunnudaginn 12. október verða fyrstu tónleikar hjá Kammermúsíklúbbsinum á starfsárinu 1986-1987. Verða þeir í Bústaðakirkju kl. 20.30. Á efnisskrá eru eftirtalin verk:

Dúó fyrir klarínettu og fagott í C-dúr, Wo0 27.1 og Dúó fyrir klarínettu og fagott í B-dúr, Wo0 27.3 eftir Ludwig van Beethoven. Flytjendur Einar Jóhannesson og Hafsteinn Guðmundsson.

Serenata fyrir 8 blásturshljóðfæri í C-moll, K. 388, eftir Wolfgang Amadeus Mozart. Flytjendur, Daði Kolbeinsson óbo, Einar Jóhannesson og Óskar Ingólfsson klarínetta, Joseph Ognibene og Emil Friðfinnsson horn, Hafsteinn Guðmundsson og Björn Árnason fagott.

Eftir hlé verður fluttur kvintett fyrir strengjahljóðfæri í C-moll, K. 406, eftir Wolfgang Amadeus Mozart. Flytjendur Szymon Kuran og Kathleen Bearden fiðla, Guðný Guðmundsdóttir og Elizabet Dean lágfíðla og Arnþór Jónsson knéfiðla.



## Messur

### Keflavíkurkirkja

Barnaguðsþjónusta kl. 11. Beðið fyrir friði. Munið skólabílinn. Sóknarprestur.

### Filadelfía, Hátúni 2

Sunnudagaskóli kl. 11. Almenn guðsþjónusta kl. 20. Kjell Samuelsson frá Svíþjóð talar og syngur.

### Guðsþjónustur í Reykjavíkurprófestsdæmi sunnudaginn 12. október 1986.

Við biðjum sérstaklega fyrir friði í messunum. Kirkjurnar eru opnar á fundartíma leiðtoga stórveldanna.

### Árbæjarprestakall

Barnasamkoma í Foldaskóla í Grafarvogshverfi laugardaginn 11. okt. kl. 11. árdegis. Sunnudagur: Barnasamkoma í safnaðarheimili Árbæjarsóknar kl. 10.30 árdegis. Guðsþjónusta í safnaðarheimili Árbæjarsóknar kl. 14. Organleikari Jón myrdal. Guðbjört Kwien syngur einsöng í messunni. Hlutavelta og flóamarkaður Kvenfélags Árbæjarsóknar eftir messu kl. 15. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

### Áskirkja

Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson.

### Breiðholtsprestakall

Barnasamkoma í Breiðholtsskóla kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14 í Breiðholtsskóla. Sr. Lárus Halldórsson.

### Bústaðakirkja

Barnasamkoma kl. 11. Guðrún Ebba Ólafsdóttir og Elín Anna Antonsdóttir. Messa kl. 14. Organisti Guðni Þ. Guðmundsson. Kvenfélagsfundur

mánudagskvöld. Æskulýðsfélagsfundur þriðjudagskvöld. Félagsstarf aldraðra miðvikudagseftirmiðdag. Sr. Ólafur Skúlason.

### Digranesprestakall

Barnasamkoma í safnaðarheimilinu við Bjarnhólastíg kl. 11. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 11. Sr. Þorbergur Kristjánsson.

### Dómkirkjan kl. 11.

Laugardagur: Barnasamkoma kl. 10.30. Egill og Ólafía. Sunnudagur: Kl. 11. Messa. Beðið fyrir friði og góðum árangri leiðtogafundarins í Reykjavík. Ræðuefni helgað þessu. Elín Sigurvinsdóttir syngur „Friðarins Guð“ eftir Árna Thorsteinsson. Sr. Þórir Stephensen. Messa kl. 14. Sr. Hjalti Guðmundsson. Dómkórinn syngur við báðar messurnar. Organisti Birgir Ás Guðmundsson.

### Elliheimilið Grund

Guðsþjónusta kl. 10. Sr. Sighvatur Karlsson.

### Fella- og Hólakirkja

Barnaguðsþjónusta - Kirkjuskóli kl. 11. Ragnheiður Sverrisdóttir. Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Jón Bjarnman.

### Grensáskirkja

Barnasamkoma kl. 11. Messa kl. 14. Organisti Árni Arinbjarnarson. Kvöldmessa með altarisöngu kl. 20.30. „Ný tónlist“. Þorvaldur Halldórsson stjórnar söng og UFMH tekur þátt í messunni. Sr. Halldór S. Gröndal.

### Hallgrímskirkja

Barnasamkoma og messa kl. 11. Fermd verða: Hrafn Árnason, Granaskjólí 40, og Katrín María Káradóttir, Barónsstíg 57. Altarisganga. Sr. Karl Sigurbjörnsson.

Þriðjudagur 14. okt.: Fyrirbæna-

guðsþjónusta kl. 10.30.

### Landspítalinn

Guðsþjónusta kl. 10. Sr. Jón Bjarnman.

### Kirkja heyrnarlausra

Messa í Hallgrímskirkju kl. 14. Sr. Miyako Þórðarson.

### Háteigskirkja

Messa kl. 10. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Sr. Tómas Sveinsson. Messa kl. 14. Sr. Arngrímur Jónsson.

### Kársnesprestakall

Barnasamkoma í safnaðarheimilinu Borgum kl. 11 árdegis. Messa í Kópavogskirkju kl. 14. Fermdur verður: Ólafur Árni Sveinsson. Aðalfundur safnaðarins verður haldinn í kirkjunni að messu lokinni. Sr. Árni Pálsson.

### Langholtskirkja

Óskastund barnanna kl. 11. Söngur, sögur, leikur. Þórhallur Heimisson og Jón Stefánsson sjá um stundina. Guðsþjónusta kl. 14. Prestur sr. Sigurður Haukur Guðjónsson. Organisti Jón Stefánsson. Sóknarnefndin.

### Laugarneskirkja

Laugardagur 11. okt. Guðsþjónusta í Hátúni 10B kl. 11. Sunnudagur 12. okt. Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Sigfinnur Þorleifsson sjúkrahúsprestur predikar. Kirkjukaffi. Mánudagur 13. okt. Æskulýðsfélagið kl. 18. Þriðjudagur 14. okt.: Barnaguðsþjónusta kl. 18. Tónlist frá kl. 17.50. Miðvikudagur 15. okt.: Síðdegiskaffi kl. 14.30. Jóhann Pálsson sýnir myndir. Sóknarprestur.

### Neskirkja

Miðvikudagur: Fyrirbænamessa kl. 18.20. Sr. Frank M. Halldórsson. Fimmtudagur: Opið hús fyrir aldræðra kl. 13-17. Biblíulestur kl. 20. Sr. Frank M. Halldórsson.

### Seljasókn

Fyrstu barnaguðsþjónustur vetrarins verða í Seljaskóla og Ölduselsskóla kl. 10.30. Almenn guðsþjónusta í Ölduselsskóla kl. 14 (ath. breyttan messutíma). Þriðjudagur 13. okt.: Fundur í æskulýðsfélaginu í Tindaseli 3 kl. 20. Aðstoðarprestur.

### Seltjarnarneskirkja

Barnaguðsþjónusta kl. 11. Börnin fá barnaefni afhent. Nýir söngvar kynntir. Framhaldssagan byrjar. Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Sighvatur Jónsson. Prestur sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir. Kaffisopi á eftir. Mánudagskvöld: Opið hús fyrir unglina kl. 20.30. Allir unglingar 13-15 ára velkomnir. Verum með. Sóknarprestur.

### Kirkja óháða safnaðarins

Kirkjudagur Óháða safnaðarins er sunnudaginn 12. okt. Guðsþjónusta verður í kirkju safnaðarins kl. 14. Sr. Emil Björnsson, fyrrv. safnaðarprestur, predikar. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson, sóknarprestur í Hallgrímsprestakalli þjónar fyrir altari. Irma Óskarsdóttir flautuleikari leikur einleik. Heiðmar Jónsson organisti stjórnar kirkjukór safnaðarins. Kaffiveitingar verða eftir messu í umsjón kvenfélags safnaðarins. Sérstök barnasamkoma verður í kirkjunni eftir að börnin hafa gætt sér á gosi og góðgæti.

### Frikirkjan í Hafnarfirði

Barnasamkoma kl. 11. Sr. Einar Eyjólfsson.

## Ymislegt

### Kvenfélag Bústaðasóknar

heldur fund mánudaginn 13. okt. kl. 20.30 í safnaðarheimilinu. Á fundinum verður

fjölbreytt ostakynning. Mætið vel og stundvíslega.

### Áttagafélag Strandamanna

heldur spilakvöld í Domus Medica laugardaginn 11. október kl. 20.30. Félagsmenn fjölmennir.

### Hundur í óskilum á Dýraspítalanum

Á Dýraspítalanum er í óskilum stór svartur hundur með hvítu á bringu. Hann fannst á Ártúnshöfða 6. október sl. Upplýsingar í síma 76620.

### Húvetningafélagið í Reykjavík

Félagssvið verður laugardaginn 11. október kl. 14 e.h. í félagsheimilinu Skeifunni 17, 3. hæð. Allir velkomnir.

### Laugardagsganga Hana nú

Vikuleg laugardagsganga Frístundahópsins Hana nú í Kópavogi verður á morgun, laugardaginn 11. október. Lagt af stað kl. 10 frá Digranesvegi 12. Við göngum hvernig sem viðrar en stytta gönguna í haustvindum og rigningu. Nýlagð mólakaffi. Markmið göngunnar er samvera, súrefni og hreyfing.

### Kvenfélag Óháða safnaðarins

Sunnudaginn 12. október verður haldinn kirkjudagur safnaðarins. Eftir messu verður kaffisala í Kirkjubæ. Þeir sem vildu gefa kökur komi þeim í Kirkjubæ milli kl. 10 og 12 á sunnudag.

### Tónleikar á landsbyggðinni

Nú um helgina munu harmóníkuléikararnir Hrólfr Vagnsson og Ursula Schmid halda tónleika víðs vegar um landið eða nánar tiltekið á Selfossi, Akureyri, Húsavík, Ísafirði og Bolungarvík. Þau Hrólfr og Ursula stunda bæði nám við Hochschule für Musik und Theatre í Hannover í Vestur-Þýskalandi. Efnisskrá tónleikanna verður fjölbreytt og leika þau m.a. verk eftir Bach, Scarlatti, Liszt, Albeniz, Lundkvist og Zolotarjow.